

Reykjavík, 31. maí 2022

Nefndasvið Alþingis

Efnahags- og viðskiptanefnd

nefnasvid@althingi.is

**Efni: Umsögn Framvís - samtaka vísifjárfesta, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki , nr. 152/2009, þingskjal 808 – 569. mál.**

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar dags. 24. maí 2022, þar sem óskað var umsagnar Framvís – samtaka vísifjárfesta um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki , nr. 152/2009, þingskjal 808 – 569. mál, hér eftir nefnt *frumvarpið*.

Framvís er samstarfsvettvangur engla- og vísifjárfesta sem vinna að því að efla umhverfi og aðstæður fyrir vísifjárfestingar á Íslandi. Aðilar að samtökunum eru margir helstu vísisjóðir á Íslandi, auk reyndra englafjárfesta.

Með frumvarpinu er stefnt að því að framlengja að hluta tímabundna hækkun á framlögum ríkisins til stuðnings við nýsköpunarfélög sem tók gildi með lögum nr. 37/2020. Vert er að fagna því, enda ríkar ástæður til að hlúa að jarðvegi hugvits og nýsköpunar á Íslandi.

Á hinn bóginn er með frumvarpinu jafnframt lagt til að lækka hámarkshlutfall sérstaks frádráttar frá álöögðum tekjuskatti úr 35% af útlögðum kostnaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja niður í 30% af útlögðum kostnaði. Miðað við breytingartillögurnar mun kostnaðarhlutfall stórra fyrirtækja hins vegar haldast óbreytt og miðast áfram við 25% útlagðs kostnaðar. Þá er gert ráð fyrir því að hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti frá álöögðum tekjuskatti lækki úr 1.100 milljónum króna í 1.000 milljónum króna. Framvís gerir alvarlegar athugasemdir við framangreindar breytingartillögur.

Hinar tímabundnu hækkanir sem samþykktar voru upphaflega með lögum nr. 37/2020 hafa haft verulega jákvæð og víðtæk áhrif á vöxt nýsköpunarfélaga og þar með umhverfi og vistkerfi íslensks hugvits, sem og atvinnu þúsunda Íslendinga sem starfa við nýsköpun. Eins og segir í frumvarpinu sjálfu hafa breytingarnar „*stuðlað að frekari uppbyggingu öflugrar nýsköpunar hér á landi í atvinnu og efnahagslífi til lengri tíma litið.*“ Ef litið er til athugasemda með lögum nr. 37/2020 má ennfremur vísa til eftirfarandi orða, þar sem mikilvægi nýsköpunar fyrir land og þjóð er áréttað:

*„Nýsköpun kemur við sögu á öllum sviðum samfélagsins og hún er mikilvægur þáttur í verðmætasköpun og fyrir samfélagslega veiferð þjóðarinnar. Nýsköpun er því ekki aðeins grundvöllur efnahagslegrar velgengni heldur lykillinn að úrlausn stærstu viðfangsefna komandi áratuga.“*

Þrátt fyrir að mikilvægi nýsköpunar sé óumdeilt, sem og að óumdeilt virðist vera að skattvilknanir hafi stuðlað að bættu atvinnu- og efnahagslífi landsins til lengri tíma litið, er nú engu að síður lagt til draga úr fyrrnefndum skattvilknunum. Ofangreindar tillögur um lækkun leyfilegs frádráttar virðast aðeins réttlættar á þeim grundvelli að með þeim sé stefnt að þeim markmiðum sem kynnt voru í fjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027 og til að mæta kostnaði vegna hugsanlegrar fjölgunar umsókna

nýsköpunarfyrirtækja til Rannís. Útreikningar eða áætlaður sparnaður á grundvelli breytinganna er þó ekki tíundaður og/eða virðist ekki liggja fyrir. Í ljósi þess að ekki virðist stefnt að öðrum markmiðum með boðuðum breytingum en óræðum sparnaði til skamms tíma, á kostnað lítilla og meðalstórra nýsköpunarfyrirtækja, er augljóst að í tillögnum felst einfaldlega að dregið skuli úr langtímahagsæld til þess eins að vinna að óræðum skammtímahagsmunum.

Þær tillögur sem boðaðar eru í frumvarpinu munu í stuttu máli hafa neikvæð áhrif á afkomu og vaxtarmöguleika lítilla og meðalstórra nýsköpunarfélaga á Íslandi á næstu árum, sé miðað við umhverfi þeirra í dag. Á það er í raun ekki bætandi, enda eru lítil og meðalstór nýsköpunarfélög viðkvæm í eðli sínu, m.a. sökum þess hve mikla áherslu þarf að leggja á þróunarvinnu í stað tekjuöflunar, á sama tíma og tekjuflæði er á algjöru frumstigi og/eða jafnvel ekki hafið enn. Þá má það nefna að allar íþyngjandi breytingar á skattaumhverfi nýsköpunarfélaga hafa verulega neikvæð áhrif á vilja fjárfesta, einkum erlendra, til að fjárfesta í íslenskum nýsköpunarfélögum, enda auka allar slíkar breytingar óvissu um arðsemi fjárfestinga.

Sem fyrr segir eru breytingartillögurnar aðeins settar fram í því markmiði að ná markmiðum í ríkisfjármálum til næstu þriggja ára. Virðist í þeim efnum aðeins horft til þess kostnaðar sem stuðningur við nýsköpunariðnaðinn hefur í för með sér fyrir skattgreiðendur, en litið er alfarið fram hjá þeim tekjum, þeirri hagsæld og þeim hagvexti sem blómlegur hugverkaiðnaður hefur þegar fært og mun áfram færa þjóðinni. Hætt er við því að með breytingunum verði gríðarlega miklum hagsmunum fórnað fyrir mun minni skammtímahagsmunum.

Í þessu samhengi vill Framvís vekja athygli efnahags- og viðskiptanefndar á þeirri staðreynd að hugverkaiðnaðurinn er orðinn ein af fjórum meginstoðum íslensks atvinnulífs og stendur þar við hlið orkusækisins iðnaðar, ferðaþjónustu og sjávarútvegs, en útflutningur íslensks hugverkaiðnaðar nam t.a.m. um 16% af öllum útflutningstekjum Íslands árið 2020. Sé t.a.m. aðeins horft til fjögurra vísisjóða innan vébanda Framvís, má það nefna að starfsmannafjöldi nýsköpunarfélaga í eignasafni þeirra nam í lok árs 2021 um 2.100 manns, en launagreiðslur innan sömu félaga, að meðtöldum launatengdum gjöldum námu á síðasta ári rúmlega 24 milljörðum króna. Þar af námu beinar tekjur ríkissjóðs af greiddum launaskatti um 9,1 milljarði króna, aðeins á síðasta ári og aðeins hvað varðar þau félög sem fjórir vísisjóðir innan Framvís hafa fjárfest í. Má það ennfremur nefna að gjaldeyristekjur þeirra félaga námu á síðasta ári um 13,1 milljarði króna. Þær tekjur og þeir hagsmunir sem hugverkaiðnaðurinn í heild er farinn að velta hafa þannig vaxið gríðarlega síðustu ár. Nýsköpunar- og hugverkageirinn skilar og stendur ennfremur undir mörgum góðum og vel launuðum störfum í dag, sem skilar sér jafnframt í hærra menntunarstigi þjóðarinnar. Frekari og áframhaldandi stuðningur við þennan geira er þegar farinn að skila sér margfalt til baka í fleiri slíkum störfum og ýmsum tekjustofnum. Það er því til afskaplega mikils að vinna að hefta ekki þá jákvæðu þróun eingöngu á grundvelli skammtímasjónarmiða. Ef ætlunin er að ná fram bættum rekstri í ríkisfjármálum, verður í það allra minnsta að líta fyrst til heildaráhrifa þeirra skattaávilnana sem til stendur að skerða, áður en nokkur ákvörðun verður tekin í þeim efnum. Það er einfaldlega ekki nægilegt að horfa aðeins á það hversu miklir fjármunir kunni að sparast við slíkan gjörning, heldur verður að horfa til þess hversu mikið kann að tapast á móti. Að öðrum kosti er hætt við að röng ákvörðun verði tekin um framhaldið.

Því ber að halda til haga að endurgreiðsla ríkisins á kostnaði vegna rannsóknar og þróunar gerir rannsóknir og þróun hér á landi kostnaðarlega hagkvæmari og stuðlar því með beinum hætti að því að tryggja að slíkt þróunarstarf fari fram á Íslandi. Þá stuðlar endurgreiðsla slíks kostnaðar að nýtingu þekkingar og mannauðs sem er hér á landi. Þátttaka í kostnaði vegna rannsóknar og þróunar er eitt kraftmesta og beinskeittasta úrræðið sem stjórnvöld geta mögulega beitt til þess að styðja við nýsköpun í dag. Það er því ákaflega mikilvægt að beitingu þess úrræðis sé haldið áfram og ekki dregið úr, heldur þyrfti þvert á móti að gefa í. Það er ennfremur mikilvægt að stjórnvöld gefi áfram þau

skilaboð að hér standi til að hlúa að nýsköpun og hugverkageiranum á næstu árum. Þær breytingar sem eru boðaðar í frumvarpinu eru hins vegar til marks um stefnubreytingu í gagnstæða átt.

Ráðherra háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis hefur nýlega kynnt þá sýn að hugverkaiðnaður verði stærsta útflutningsstoð þjóðarinnar. Augljóst er að breytingartillögurnar vinna eindregið gegn þeirri sýn og þeim hagsmunum sem greinir að ofan og nauðsynlegt er að vernda, enda beinlínis verið að færa fjármuni frá skattaívilnunum lítilla og meðalstórra nýsköpunarfélaga og setja þá í aðra málaflokka. Í athugasemdum með fyrrnefndum breytingartillögum frumvarpsins virðist raunar lítið gert úr áhrifum breytinganna á hag nýsköpunarfélaga, enda lítið sem ekkert um áhrifin fjallað. Er auk þess hvergi vikið að fyrrnefndum markmiðum nýsköpunarráðherra í þessu samhengi, enda þótt breytingarnar varði málaflokk hans með beinum hætti. Í þeim breytingum sem nú eru lagðar til felst einfaldlega afturför frá þeim góða árangri sem þegar hefur náðst og hætt við því að hægi á þeirri jákvæðu þróun sem raungerst hefur á síðustu árum. Er efnahags- og viðskiptanefnd eindregið hvött til að vinna frekar að verðugum langtímamarkmiðum í stað þess að vinna gegn þeim í þágu skammtímamarkmiða. Í það allra minnsta er nefndin hvött til þess að skoða fyrst alvarlega hvaða áhrif breytingarnar munu hafa á lítil og meðalstór nýsköpunarfélög, áður en tekin verður ákvörðun um varanlega skerðingu á rekstrarumhverfi þeirra.

F.h. Framvís,

Fróði Steingrímsson lögmaður LL.M.